

þar eð það fylgir af sjálfu sér, að þurfamaðrinn undir eins og hann er búinn að þiggja sveitarstyrk, fer að nýju að vinna til þess að fá framfærslurètt með dvöl sinni í hreppi þeim, er hann er í. — — — — —

Eptir öllu því er þannig er int, verðr að telja optnefndan Magnús Guðmundsson sveitlægan í Sveinstaðahreppi í Húnavatnssýslu¹.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir norðr- og austrumdæminu).

Með úrskurði norðr- og austramtsins 29. september 1869 er Jónas Guðmundsson, er húið hefir á Spjör í Eyrarsveit í Snæfellsnessýslu, dæmðr sveitlægr í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu, og hreppr þessi skyldaðr til að endrgjalda 19 rd. 20 sk., er Jónas hefir fengið af sveitarsjóði Eyrarsveitar sér og hyski sínu til framfæris.

Þessum úrskurði hefir Þorkelshólshreppr áfrýjað, og hafði þér herra amtmaðr með bréfi yðar 14. f. m. kveðið upp álit yðar um áfrýjun þessa.

Eptir því, sem fram er komið, verðr eigi mælt á móti því, að Jónas sá, er nefndr er, hefir notið styrks af sveitinni, á meðan hann dvaldi í Eyrarsveit. Að þessi styrkr hefir verið veittr honum, án þess að prestur eðr hreppstjóri hafi leitað styrks handa honum til náskyldra ættingja hans samkvæmt 4. grein fátækrareglugjörðarinnar, hefir enga þýðingu, þar sem eigi er sannað, að slíkir ættingjar væru þektir af sveitarstjórninni í Eyrarsveit, og þar sem þeir ættingjar, er getið er um í málinu, hafa húið í Þorkelshólshreppi í Húnavatnssýslu og þannig í þeirri fjarlægð frá Eyrarsveit, að eigi gat orðið umtalsmál að leita til þeirra, áðr en styrkr sá, er Jónas með þurfti var veittr. Þareð Jónas eigi hefir dvalið í neinum öðrum hreppi fyrir utan fæðingarhrepp sinn Þorkelshólshrepp svo lengi, að spurning geti orðið um, að hann hafi unnið sér þar framfærslurètt, verðr, samkvæmt 7. grein fátækrareglugjörðarinnar, að fallast á úrskurð amtsins um sveitfesti Jónasar. Sömuleiðis getst landshöfðingjanum, að úrskurði amtsins um upphæð þá, er Þorkelshólshreppr á að endrgjalda Eyrarsveit.

Þér eruð því herra amtmaðr beðnir að kynna hlutaðeigöndum, að úrskurðr norðr og austramtsins í málinu 29. septbr. 1869 skuli óraskaðr standa, og að sjá um, að úrskurði þessum verði veitt fullnusta án frekari tafar.

Bréf landshöfðingjans (til amtmannsins yfir suðr- og vestrumdæminu).

Með heiðruðu bréfi 29. f. m. hefir herra amtmaðrinn sent mér bréf dagsett 16 apríl þ. á. og fara í því bæjarfulltrúarnir í Ísafjarðarkaupstað og hreppstjórinn í Eyrarhreppi þess á leit, að sýslumanninum í Ísafjarðarsýslu Stefáni Bjarnarsyni verði gjört að skyldu að endrgjalda Kirkjubólshreppi í Strandasýslu 8 vættir og 20 fiska, er tæðr hreppr hefir lagt út fyrir þurfamanninn Ólaf Jónsson með hyski hans, en það er viðrkennt, að þurfamaðr þessi hafi áunnið sér framfærslurètt í hinum fyrverandi Eyrarhreppi, er nú er skipt í 2 sveitarfélög, Ísafjarðarkaupstað og Eyrarhrepp.

Sumarið 1868 dvaldi Ólafur Jónsson sá, er nefndr var, í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu. Hann var þá húsviltr og fór því hlutaðeigandi hreppstjóri þess á leit við sýslu-

1) Úr bréfi þessu er slept því, er snertir þinar einstöku reikningskröfur Þorkelshólshrepps til Sveinstaðahrepps, og skal með tilliti til þeirra einungis getið þess, að Sveinstaðahreppr sem framfærsluhreppr Magnúsar meðal annars var skyldaðr til að endrborga Þorkelshólshreppi 4 rd. 22 sk., sem stóðn eptir óborgaðir fyrir lán af stjórnarkorni, sem Magnús hafði fengið, og var tilfærð sú ástæða fyrir þessari niðrstöðu, að lán þetta hefði verið „veitt á ábyrgð hreppsins, er að skipun stjórnarinnar hefði orðið að borga það úr hreppsjóðnum“ og var ekkert tillit tekið til, að Þorkelshólshreppr hefði ekki ritað lán þetta í sveitarbókina, fyr en útséð þótti um, að Magnús endrborgaði lánið sjálfr.

58
30sta
septbr.
1873.

59
30sta
septbr.
1873.

60
30ja
oktbr.
1873.